

Kæru foreldrar 6-12 ára barna!

Nú eru sumarnámskeiðin að hefjast og verður boðið upp á fjölbreytt starf með ævintýraleiðöngrum, vettvangsferðum, fjöruferðum, fuglaskoðunarleiðöngrum, heimsóknum, hestamennsku, útiveru og íþróttum.

Samstarfsaðilar sveitarfélagsins í sumarnámskeiðum er ungmennafélagið Afturelding og verður fjölbreytt íþróttastarf samhliða. Þjálfari í fótbolta og frjálsum íþróttum er Dís Ragnheiður Magnúsdóttir. Þær íþróttir sem verða í boði þetta sumarið eru:

- Frjálsar íþróttir
- Fótbolta æfingar
- Fimleikaæfingar

Ásamt íþróttæfingum verðum við með vináttu og leiðtogaþjálfun auk vettvangsferða sem áður eru nefndar.

Námskeiðin verða á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá 7. - 23. júní og svo aftur þriðjudags til fimmtudags 16.-18. ágúst.

- Móttaka barna verður frá 9:00-9:30
- Dagskrá hefst 9:30
- Hádegismatur 11:45

Dagskrá lýkur kl. 15:00

Nánari dagskrá verður auglýst þegar skráning liggur fyrir.

Boðið verður upp á akstur fyrir börnin í sveitunum bæði í sumarnámskeiðin og aðra þjónustu sveitarfélagsins fyrir börn, auk þess sem vinnuskólinn verður sniðinn að akstrinum.

Verð á námskeiðið með íþróttæfingum, er 1.500 krónur dagurinn en 17.000 ef skráð er á allt tímabilið. Við minnum á tómstundastyrk sveitarfélagsins.

Hægt verður að kaupa mat fyrir börnin hjá mötuneyti Reykhólahrepps skv. verðskrá.

Börn utan sveitarfélags eru líka velkomin á sumarnámskeið Reykhólahrepps, en hafa þarf í huga að börn sem þurfa aukinn stuðning inn í skólastarf þurfa líka aukinn stuðning í sumarstarf. Útfærslur yrðu unnar í samvinnu við foreldra/forráðamenn og lögheimilissveitarfélag.

Skráning á námskeiðin, í akstur og í mötuneyti er hjá Jóhönnu í netfangi johanna@reykholar.is en einnig má hafa samband á Facebook eða í síma 6982559.

Jóhanna, Sjöfn og Dís